

Kæru hátíðargestir

Til hamingju með baráttudaginn 1. maí !

Það er mér sönn ánægja að ávarpa þennan baráttufund.

- Við erum hér á slóðum nafna míns, Eiríks Rauða, og skemmtilegt að segja frá því að ég hef sjálfur fengið það viðurnefni innan hreyfingarinnar -

Við erum hér saman komin til að fagna árangri okkar, og fyrri kynslóða, í hinni mikilvægu réttindabaráttu sem eflaust tekur aldrei enda.

Einnig erum við hér til að sýna samstöðu með þeim sem eru enn að berjast fyrir þeim réttindum sem við höfum þegar náð.

En hver er framtíð verkalýðsfélaganna

Við lifum á upplýsingaöld.

Á tímum þegar hægt er að nálgast upplýsingar um réttindi okkar og skyldur í tölvunni eða með farsímanum, nánast hvar sem er á örfáum mínútum.

Félagsmaður er fljótari að „gúggla“ spurningu sína en að athuga málið við sinn trúnaðarmann eða félag.

Það hefur aldrei verið eins auðvelt og hagkvæmt að senda fundarboð og tilkynningar til landsmanna eins og í dag.

Meira að segja er hægt að senda rýmingar skilaboð Almannavarna í síma allra á landinu vegna náttúruhamfara sem geta átt sér stað.

Það eiga nær allir greiðan aðgang að internetinu og margir eru með beintengingu í símann sinn eða spjaldtölvu.

Í dag getum við bókað dagana í orlofshúsin okkar rafrænt, sent öll fylgiskjöl og frumrit með tölvupósti og spjallað á internetinu við næsta þjónustufulltrúa stéttarfélagins.

Jafnvel trúnaðarpóstur og atkvæðaseðlar eru nú aðgengilegir í gegnum innskráningu með rafrænum skilríkjum og kosið er í stjórnir stærstu félagana með rafrænum hætti í dag.

Það er orðið mjög einfalt að hafa öruggar rafrænar kosningar á vefsíðum stéttarfélagana.

Hvers vegna er þá þessi deyfð í félagsmálunum og í okkar félögum?

Hvers vegna, greiddu aðeins 17% félagsmanna, í fjölmennasta stéttarfélagi landsins VR, atkvæði í nýliðnum rafrænum formannskosningum.

Vitað er að engu var til sparað í auglýsingaferðum fyrir kosningarnar og áttu því flestir félagsmenn að hafa vitað af þeim og fengið möguleika að kynna sér málin og taka þátt.

Félagsmenn VR höfðu viku til að skila inn atkvæði sínu og gátu gert það úr nánast hvaða nettengdu tæki sem er, óháð hvað klukkan var.

Ef við skoðum formannskosningar í sama félagi, árið 2013, þá kusu 22% prósent félagsmanna sér nýjan formann. En aðeins 17% árið 2011.

Í stjórnarkosningum árið 2016, í stærsta stéttarfélagi landsins, kusu 1.796 félagar en á kjörskrá voru 31.179

Þátttaka var því aðeins 6%.

Þær kosningar voru einnig með rafrænum hætti.

Aðgengilegar fyrir alla hvenær sem er.

Og hægt er að finna fjölmörg dæmi og niðurstöður sem gefa það til kynna að þrátt fyrir að aldrei hafi verið jafn auðvelt að kjósa og taka þátt þá hefur þátttakan sjaldan verið jafn slæm.

Getur verið að með aukinni almennri tölvunotkun í framtíðinni aukist jafnframt þátttaka í rafrænum kosningum, verður það ekki að teljast líklegt.

Við stöndum á tímamótum

Við verðum að **nútímavæða** alþýðusambandið og verkalýðshreyfinguna alla.

Í dag er kannski ekki þörf á skrifstofu í hverju sveitarfélagi en gríðarleg þörf er á yfirsýn og tengingu við féлага á hverju félagssvæði.

Það er staðreynd að fólk gefur sér ekki eins mikinn tíma í félagsstörf og það gerði fyrir 50 árum.

Sjálfur kem ég inn í verkalyðsstarfið sem trúnaðarmaður.
Mér finnst það vera mikilvægasta tenging stéttarfélagana við félagsmenn sína.

Félagsmálaskóli alþýðu heldur fagleg og fræðandi námskeið fyrir alla trúnaðarmenn ASÍ og BSRB.

Þau styrkja trúnaðarmenn okkar og hjálpa þeim að vera sterkari á sínum vinnustað og auðvelda þeim að fræða samstarfsmenn um réttindi sín og að takast á við möguleg ágreiningsmál.

Við þurfum að halda vel utan um okkar trúnaðarmenn og nauðsynlegt er að fá betri tengingu og aukinn skilning verkamanna og -kvenna á þessu gríðarlega öflugra starfi sem trúnaðarmenn geta unnið.

Ekki benda á mig..

Fólk keppist ekki um trúnaðarmanna stöðuna og oft gengur erfiðlega að kjósa, lögum samkvæmt, talsmann stéttarféлага í fyrirtæki og stofnanir. Og áhugaleysi í félögunum er viðvarandi og grafalvarlegt vandamál !
Við þurfum að styrkja okkur innan frá og fara í endurskoðun á starfinu og hvað sé hægt að gera betur.

Forystufólk okkar þarf að koma til okkar og á okkar vinnustaði og vera sýnilegra og hlusta betur á skoðanir þeirra sem greiða í sameiginlega sjóði stéttarféлага og mynda þetta sterka bakland sem heldur uppí stoðum landssambandanna.

Þar bendir hver á annan

Við megum ekki tvístrast innan sérgreinasambandanna og skipta félögum í mismunandi fylkingar.

Það sannaðist í apríl 2015 þegar félög í starfsgreinasambandinu boðuðu til verkfalls utan höfuðborgarsvæðisins þar sem félagar á landsbyggðinni stóðu verkfallsvörslu t.d. á Olístöðvum sem voru samt sem áður opnar á sama tíma í Reykjavík. En starfsmenn heyra undir sama samning óháð staðsetningu bensínstöðvanna.

Þetta átti við fleiri störf og sýndi að sameiningarmáttur stéttarfélaganna var lítill og verkföllin virkuðu hálf-tilgangslaus eða a.m.k. árangurslítill.

Bitnuðu þar af leiðandi meira á íbúum smærri byggðarlaga heldur en stærri fyrirtækjum.

Verkföll eru nú eitt af þeim fáu tólum sem við höfum í okkur samninga- og réttindabaráttu og þegar stéttarfélög geta ekki sameinast í þeirri vegferð erum við á rangri braut!

Og verkföllin okkar verða bitlaus og missa marks.

Þegar mest á reynir þá þýðir ekki að forystufólk okkar innan sambanda og stéttarfélagi sitji í hásetum sínum hvert í sínu horni. Og geti ekki komist að sameiginlegri lausn.

Einnig er ótrúlegt að sjá að mörg félög virða engin landamæri og auglýsa sig, oft í krafti stærðar, að þau séu betri valkostur en önnur stéttarfélög. Sum félög virðast ekki virða félagsvæði eins og margir atvinnurekendur hafa einnig gert.

Ætlum við að keppast um okkar félagsmenn eins og tryggingarfélög keppa um kúnna?

Er kominn tími á frekari sameiningar og erum við bara of lítil t.d. hér í Stéttarfélagi Vesturlands?

Með takmarkaðri þáttöku fólksins heyrast ekki allar raddir samfélagsins og hlutirnir breytast hægt.

Öll erum við á sömu vegferð og við hljótum að vilja hafa sterk félög í hverjum landshluta.

Við þurfum að geta tekist á við gagnrýnisraddir og sýnt samstöðu með öllum þeim sem berjast fyrir auknum réttindum.

Þeir eldri þurfa að sýna ábyrgð og rísa upp og rýma fyrir yngra fólki og gefa því tækifæri til að taka við stjórninni.

Nýliðun í starfi og nefndum innan hreyfingarinnar er lítil og ungt fólk sést varla á fundum eða í ábyrgðarstöðum

Það er gjörsamlega óásættanlegt og þessu verður að breyta

Góðir hátíðargestir

Hvað er til ráða?

Ættum við að stytta fundi og gera þá aðgengilegri í gegnum streymi á netinu svo félagar geti tekið þátt að heiman?

Þurfum við að hafa áfanga frá félagsmálaskóli alþýðu sem skylduáfanga í menntaskólum landsins. Til þess að fræða komandi kynslóðir um sín réttindi og skyldur.

Eigum við að umbuna stjórnar og nefndarmönnum með punktakerfi? Þeir sem eru virkir og taka þátt innan félagsins fá t.d. orlofspunkta fyrir unnin störf.

Og þeir punktar safnist sem inneign í orlofs bústaðaleigu ?

Ég tel að við verðum að breyta því hvernig við störfum inn hreyfingarinnar og nauðsynlegt er að vinna að samstöðu milli stéttarféлага og ASÍ. Hvernig á fólk að treysta okkur á meðan forystufólkið okkar treystir ekki hvort öðru?

Við eigum að fagna og samgleðjast þeim stéttum sem semja vel fyrir sína félagsmenn!

Þetta er það sem þarf að skoða og finna svör við, því að gamla tuggan er sönn;

Unga fólkíð er framtíðin og framtíðin er okkar. Stöndum saman í baráttunni sem og innan hreyfingarinnar.

Takk fyrir